

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið  
Skuggasundi  
150 Reykjavík

Reykjavík 12. október 2011  
Tilv.: SLR11100099/0.6.1

Með vísan í fréttir af að Arionbanki hafi nýlega eignast um þriðjungs hlut í sjávarútvegsfyrirtækinu HB Granda hf fer sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið þess á leit að efnahags- og viðskiptaráðuneytið kanni eða láti kanna hvernig eignarhaldi á HB Granda hf sé háttað eftir þessa breytingu og hvort það samræmist ákvæðum laga nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

Í þessu sambandi vísast til erindis, sem ráðuneytið sendi efnahags- og viðskiptaráðuneytinu 6. ágúst 2010 af sambærilegu tilefni og fylgir hér með, en í því bréfi eru skýrð sjónarmið ráðuneytisins.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurgeir Þorgeirsson